

Priðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 215/1992.

Jóhann Viðar Jóhannsson

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

gegn

Ellert Skúlasyni hf.

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Skriflega flutt mál. Verksamningur. Sönnun. Nauðasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1992. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 247.821 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. október 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að ef krafa áfrýjanda verði tekin til greina að hluta eða öllu leyti, verði staðfest, að hún falli undir ákvæði nauðasamnings stefnda, sem komst á 20. janúar 1994, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði þá felldur niður.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt fyrir Hæstarétti, og voru nokkur ný gögn lögð fram í því.

I.

Áfrýjandi mun hafa gengið í þjónustu stefnda í kjölfar auglýsingar hins síðarnefnda í dagblaði, sem var birt 20. maí 1990, en þar auglýsti stefndi meðal annars eftir „starfskrafti til. . . stjórnunar jarðvinnuverka“. Aðilar munu ekki hafa gert skriflegan samning sín á milli, en óumdeilt er, að samið hafi verið um, að áfrýjandi hefði stöðu undirverktaka í þjónustu stefnda og fengi greidda tiltekna fjárhæð fyrir hverja unna klukkustund, svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi. Af málalítilbúnaði aðila verður ráðið, að áfrýjandi

hafi átt að gegna störfum verkstjóra hjá stefnda, hann hafi tekið sem slíkur til starfa 12. júní 1990 í verki, sem stefndi hafði tekið að sér við vegagerð, og fengið greitt fyrir verk sitt samkvæmt samningi þeirra til 28. júlí 1990, en þá virðist frekari vinnu við verkið hafa verið frestað.

Áfrýjandi heldur því fram, að sér hafi verið tilkynnt 28. júlí 1990, að hætt væri í bili við fyrrnefnt verk og stefndi hefði ekki lengur þörf fyrir þjónustu sína. Er að skilja af munnlegri skýrslu, sem áfrýjandi gaf fyrir héraðsdómi, að hann hafi fellt sig við þetta og ætlað að láta af störfum hjá stefnda. Daginn eftir hafi forráðamaður stefnda hins vegar boðið sér vinnu sem flokksstjóra við annað verk, sem stefndi hafði með höndum, og hafi áfrýjandi þegið það boð, en starfað þó fyrst um sinn á verkstæði hjá stefnda. Heldur áfrýjandi því fram, að sömu kjör hafi átt að gilda um störf sín við þetta verk, en um það hafi ekki verið gerður skriflegur samningur. Vann áfrýjandi við verkið þar til í lok ágúst 1990, þegar hann hvarf endanlega úr þjónustu stefnda. Áfrýjandi gerði þá tvo reikninga á hendur stefnda vegna starfa sinna frá 30. júlí til 31. ágúst 1990, samtals að fjárhæð 419.478 krónur, og tók þar mið af þeim kjörum, sem aðilar sömdu um í upphafi. Stefndi greiddi ekki þessa reikninga, en með launaseðli, þar sem útborgunardagur er tilgreindur 1. október 1990, greiddi hann áfrýjanda 171.657 krónur fyrir vinnu á áðurnefndu tímabili og tók þar mið af lægri fjárhæð fyrir unna klukkustund en áfrýjandi hafði gert í reikningum sínum. Í málinu sækir áfrýjandi stefnda um mismuninn, 247.821 krónu, eins og kröfugerð hans hljóðar nú fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er haldið fram, að hann hafi sagt upp samningi um verktakastörf áfrýjanda 28. júlí 1990. Áfrýjandi hafi þá sóst eftir öðru starfi hjá stefnda, sem hafi næsta dag boðið áfrýjanda vinnu á verkstæði og síðan sem flokksstjóra í jarðvinnuverki. Af hendi stefnda hafi verið tekið skýrlega fram, að áfrýjandi yrði ekki lengur undirverktaki, heldur á launaskrá hjá stefnda með launakjör sem iðnaðarmaður með flokksstjóraálagi, sem áfrýjandi hafi ekki hreyft neinum athugasemdum við. Að loknum störfum áfrýjanda hafi stefndi neitað að greiða reikninga hans, en þess í stað greitt honum að fullu laun samkvæmt breyttum samningi þeirra.

II.

Störf áfrýjanda, sem deilt er um endurgjald fyrir, voru leyst af hendi í beinu framhaldi af öðrum störfum hans í þágu stefnda, sem er óumdeilt, að áfrýjandi hafi fengið greitt tiltekið endurgjald fyrir sem undirverktaki. Þessi nýju störf áfrýjanda gátu í meginatriðum átt undir lýsingu á starfssviði samkvæmt fyrrnefndri auglýsingu, sem bjó að baki upphaflegri ráðningu hans. Verður því sönnunarbyrði að hvíla á stefnda um, að samið hafi verið í lok júlí 1990 um breytingu á launakjörum áfrýjanda, enda stóð á þeim tíma nær stefnda að tryggja sér sönnur fyrir, að fyrri samningi þeirra hefði verið breytt en áfrýjanda að tryggja sönnun um hið gagnstæða.

Til sönnunar staðhæfingu sinni um, að hann hafi samið við áfrýjanda um breytingu á launakjörum, hefur stefndi ekki fært fram önnur sönnunargögn en ljósrit úr dagbók forráðamanns stefnda, þar sem eru minnispointar um ætluð samtöl hans við áfrýjanda, og vitnisburð og vottorð frá þremur starfsmönnum stefnda, sem hafa þó aðeins borið, að forráðamaðurinn hafi greint þeim frá breytingum á stöðu og kjörum áfrýjanda. Gegn eindreginni neitun áfrýjanda verður ekki talið, að þessi gögn nægi til að sanna, að komist hafi á samningur þess efnis, sem stefndi heldur fram. Verður því að fallast á það með áfrýjanda, að hann hafi átt rétt á að fá greitt fyrir störf sín á umræddu tímabili samkvæmt samningi þeim, sem hann og stefndi gerðu við upphaf ráðningarsambandsins. Af hálfu stefnda hafa ekki komið fram rökstudd mótmæli gegn þeirri fjárhæð, sem reikningar áfrýjanda nema samanlagt, þegar frá eru dregnar greiðslur frá stefnda. Ber þannig að taka kröfuna til greina.

Stefndi hefur gert þá varakröfu, að staðfest verði, að nauðasamningur, sem komst á milli stefnda og lánardrottna hans 20. janúar 1994, taki til kröfu áfrýjanda. Stefndi hefur ekki gert ákveðna kröfu um þá fjárhæð, sem hann telur kröfu áfrýjanda eiga að lækka um vegna nauðasamningsins, eða hvernig eftirstöðvar kröfunnar ættu að koma til greiðslu. Er þessi kröfugerð stefnda í þeim búngi, að ekki er unnt að fella dóm á hana, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki tekin afstaða til þessa atriðis í málinu.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 247.821 krónu með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir, svo og málskostnað, eins og þar getur, í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ellert Skúlason hf., greiði áfrýjanda, Jóhanni Viðari Jóhannssyni, 247.821 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. október 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 120.000 krónur samanlagt í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Njarðvíkur 18. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. janúar, höfðaði Jóhann Viðar Jóhannsson, kt. 310355-5429, Vallargötu 26, Keflavík, með stefnu, sem birt var 11. apríl 1991, gegn Ellert Skúlasyri, kt. 091035-3839, Tjarnargötu 39, Keflavík, stjórnarformanni Ellerts Skúlasonar hf., kt. 610472-0289, Borgarvegi 15, Ytri-Njarðvík, vegna félagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 316.123 kr. auk dráttarvaxta [...]. Þá er krafist málskostnaðar [...]

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi [...].

II.

Stefnandi vann hjá stefnda frá 12. 6. 1990 til 28. 7. 1990 sem undirverktaki á umsömdum taxa, 1.100 kr. fyrir dagvinnustund og 1.540 kr. fyrir yfirvinnustund að viðbættum virðisaukaskatti. Fyrir framangreint tímabil greiddi stefndi stefnanda án athugasemda samkvæmt þeim taxa, sem um hafði verið samið, samtals 671.191 kr. Það tímabil er upp gert og enginn ágreiningur um það. Stefnandi heldur því fram, að fyrir tímabilið frá 30. 7. 1990 til 31. 8. 1990 hafi sama tímagjald átt að gilda fyrir vinnu sína, og því hafi stefndi átt að greiða sér 419.478 kr. samkvæmt reikningum. Stefnandi hafi greitt 103.355 kr. inn á skuldina, og því hafi stefndi haldið eftir. Hann hafi dregið það frá reikningsfjárhæðinni, og þá sé stefnufjárhæðin mismunurinn, 316.123 kr.

Stefndi heldur því fram, að stefnanda hafi verið sagt upp störfum 28. 7. 1990, þar sem ekki hafi verið lengur þörf fyrir hann sem undirverktaka. Hinn 29. sama mánaðar hafi stefnandi hins vegar sótt um starf hjá stefnda, og hafi hann þá verið ráðinn sem viðgerðarmaður á verkstæði, en um hafði verið talað, að síðar kæmi til greina, að hann ynni sem flokksstjóri í Vatns-holti. Skýrt hafi þó verið tekið fram, að laun hans yrðu í samræmi við starfið, það er flokksstjóralaun samkvæmt taxa fyrir mál- og skipasmíði.

Um það er deilt í máli þessu, hvort stefndi hafi verið í vinnu hjá stefnda

sem launþegi eða sem verktaki eftir 28. 7. 1990. Óumdeilt er, að stefnandi vann hjá stefnda tímabilið 12. 6. 1990 til 28. 7. 1990 sem undirverktaki, og er gjald fyrir það tímabil að fullu upp gert. Einnig er ljóst, að 28. 7. er hætt við það verk, sem stefnandi vann við, og fer hann þá að starfa við annað hjá stefnda. Þá greinir á um þetta. Forstjóri stefnda, Ellert Skúlason, heldur því fram, að hann hafi ráðið hann í vinnu sem venjulegan launþega.

Jóhann Viðar Jóhannsson heldur því fram, að hann hafi unnið áfram á sömu kjörum og fyrir 28. 7. 1990. Vitnin Hörður Karlsson og Vilborg Yrsa Sigurðardóttir segjast hafa vitað af þessu, en urðu ekki vitni að samtali stefnanda og stefnda um framhald vinnunnar. Segir Hörður Karlsson, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi tilkynnt sér, að framvegis yrði Jóhann Viðar Jóhannsson á launum hjá fyrirtækinu. Vitnið Vilborg Yrsa Sigurðardóttir segist hafa haft sem verkfræðingur umsjón með verkinu, sem stefnandi vann við, eftir 28. 7. 1990.

Álit réttarins er, að Jóhann Viðar Jóhannsson hafi unnið sem launþegi hjá fyrirtækinu eftir 28. 7. 1990. Hann vann alls ekki við hið sama eftir þann tíma. Hafi hann viljað tryggja það að verða áfram sem verktaki, hefði hann átt að gangast eftir því, að um það væri gerður skriflegur samningur. Það gerði hann ekki, og eins og máli þessu er háttað, verður hann að bera hallann af því að geta ekki sannað, að hann hafi unnið sem verktaki áfram. Því skal stefndi, Ellert Skúlason hf., vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Viðars Jóhannssonar.

Stefnandi greiði stefnda 90.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur. Aðfararfrestur er 15 dagar.

Dóminn kvað upp Þorsteinn Pétursson aðalfulltrúi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ellert Skúlason hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóhanns V. Jóhannssonar í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 90.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, í málskostnað.

Aðfararfrestur er 15 dagar.
